

# Verklagsreglur fyrir „Allt milli himins og jarðar setrið“

---

## Búnaður:

- **Slökkvitæki** (Yfirfarið árlega í október) LL
- **Eldvarnarteppi** (Yfirfarið árlega í október) LL
- **Sjúkrakassi** (Yfirfarinn einu sinni í mánuði) LL
- **(Hjartastuðtæki)** (Yfirfarið árlega í október) GG
- **Viðbragðsáætlun** (Uppfærð árlega í október) GG
- **Viðbrögð við eldsvoða** (Uppfært árlega í október) GG

**Athugið –mikilvægt er að setja ábyrgðaraðila við hvern verkþátt.**

## Þekking og færni starfsmanna:

- Allir starfsmenn/eigendur eru með gilt skyndihjálparskírteini frá viðurkenndum aðila Ath. nýir starfsmenn fara á námskeið áður en þeir hefja störf.
- Allir starfsmenn vita hvar sjúkrakassi og (hjartastuðtæki) er staðsett í húsinu.
- Rifja skal upp notkun á hjartastuðtæki reglulega, ef það er til staðar.
- Brunnaæfing er haldin í lok maí ár hvert (LL):
  - Æfa viðbrögð við eldsvoða.
  - Þekkja rýmingarleiðir og hvar allir eiga að safnast saman.
  - Kynna staðsetningu slökkvitækja.
  - Hvernig á að leiðbeina viðskiptavinum í eldsvoða.
- Viðbragðsáætlunir kynntar fyrir starfsmönnum tvisvar á ári (í lok maí og lok september) og fyrir nýjum starfsmönnum áður en þeir hefja störf.

**Athugið - munið að setja ábyrgðaraðila þar sem það á við.**

## Húsnæði:

- Útgönguleiðir eru alltaf greiðfærar, þar er enginn húsbúnaður eða annað sem getur tafið för.
- Merkingar við flóttaleiðir yfirfarnar í samræmi við kröfur eldvarnareftirlits.
- Rýmingaráætlun staðfest af eldvarnareftirliti/slökkviliðsstjóra er til staðar og vel sýnileg gestum.
- Leiðbeinandi skilti vegna rýmingar eru í hverju rými, fleiri en eitt í stærri rýmum.
- Muna að nota viðvörðunarskilti þegar gólf eru þvegin eða þau eru blaut og hál.
- Passa að snúrur og sýningarmunir eða annað lauslegt sé ekki í miðjum gangvegi eða á öðrum stöðum þar sem það getur skapað hættu.
- Starfsfólk á vakt fylgist með klakamyndun, hreinsar snjó og klaka við inngang og grýlukerti og klaka af þakbrún við upphaf vaktar þegar veðurskilyrði gefa tilefni til.
- Fyrir opnun dag hvern er gengið um allt sýningarrýmið, innandyra sem utan og farið yfir að búnaður virki og lýsing sé í lagi, sérstaklega á varasömum stöðum.
- Á tveggja mánaða fresti er farið yfir öll ljós og kúplur hreinsaðir.
- Við dagleg þrif er fylgst með mottum, teppum og öðrum gólfefnum og brugðist við ef slit getur leitt til fallhættu (t.d. lykkjur í slitnu teppi, uppbrettar mottur eða kantar á gólfdukkum).

## Afgreiðsla og leiðsögn:

- Gestir varaðir við
  - munum sem að hanga úr lofti og skaga út úr veggjum

- að fara of nærri handriðum sýningarsvala
- bröttum þröngum stigum
- takmarkaðri lýsingu á svæðum.

*Þessar verklagsreglur voru gerðar af Loga Logasyni framkvæmdastjóra í september 2015.  
Verklagsreglur ber að endurskoða árlega og oftast ef upp koma atvik sem gefa tilefni til þess.*